


Starfsáætlun 2024 - 2025

Leikskólinn Leikholt





Leikskólinn Leikholt
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Brautarholti
leikholt@leikholt.is
Ágúst 2024

Ábyrgð: Leikskólastjóri, Anna Greta Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

01

Hagnýtar upplýsingar

Deildirnar
Skóladagatal
Viðburðir og vettvangsferðir
Samskipti og upplýsingamiðlun
Tilkynningar, forföll og frí
Umsóknir og breytingar
Veikindi barna
Mötuneyti og fæði
Reglur og tilmæli
Fatnaður og aðbúnaður

02

Stjórnun og skipulag

Skipurit og stöðugildi
Stjórnun
Mannauður

03

Aðilar, teymi, ráð og nefndir

Viðbragðsteymi
Tengiliður farsældar
Trúnaðarmenn
Foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins
Skólanefnd sveitarfélagsins
Skólaþróunarteymi
Gæðateymi skólans
Námskrár og skólastefnuteymi skólans

04

Helstu samstarfsaðilar

Þjósárskóli
Aðrir samstarfsaðilar

Formáli

Við skólabyrjun þetta skólaárið eru skráð 44 börn. Börn geta fengið leikskólavist frá og með deginum sem þau verða árs gömul. Sjá nánar innritunarreglur sveitarfélagsins á vef sveitarfélagsins, www.skeidgnup.is

Þetta skólaárið eru þrjár barnadeildir og ein stoðdeild. Á hverri deild eru á bilinu 10 til 18 börn. Yngstu börnin eru á Hestfjalli. Miðdeildin heitir Hekla og elstu börnin eru á Vörðufelli. Vísanöfn deilda til þess að inn á deildunum sést til þess fjalls sem deildin vísar til. Við leikskólann er einnig stoðsdeild sem vinnur náið með öðrum deildunum leikskólans.

Leikskólinn er opin frá kl. 8:00 - 16:00 alla virka daga. Hægt er að óska eftir umframvistun frá kl. 7:45 og til kl. 16:30. Er sú þjónusta háð því að sótt sé um fyrir þrjú börn eða fleiri. Sjá nánar í gjaldskrárreglum sveitarfélagsins á heimasíðu sveitarfélagsins www.skeidgnup.is

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjóðarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.

Aðalnámskrá leikskóla



1 Hagnýtar upplýsingar



Deildirnar

Hestfjall, yngsta deild.

Deildarstjóri er Sigríður Björk Gylfadóttir, með henni starfa Úrsula Pigel, Sára Herczeg og Elín Ásta

Barnafjöldi 10 - 12 börn

Hekla, miðdeild.

Deildarstjórar eru Helga Guðlaugsdóttir og Oddný Stefanía Steinþórsdóttir, með þeim starfa Hargita Lászio og Svava Óla Stefánsdóttir.

Barnafjöldi 13 - 15 börn

Vörðufell, elsta deild

Deildarstjóri, Haukur Vatnar Viðarsson og með honum starfa Aleksandra Mróz, Halla Rún Erlingsdóttir og Lísbet Nílsdóttir.

Barnafjöldi 18 börn

Stoðdeild

Deildarstjóri, Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir

Deildarstjóri upplýsir þá foreldra sem við á hverju sinni um skipulag og kennslu er varðar þeirra barn.

Nánari upplýsingar um skipulag deilda má nálgast hjá deildarstjórum og inn á Kinderpedia.

Skóladagatal

Á hverju vori er gert nýtt skóladagatal fyrir komandi skólaár. Á skóladagatali eru dagar aðgreindir með lit eftir því hvort þeir séu frídagar, skipulagsdagar, öðruvísi dagar og valfrjálsir dagar.

- **Gul merktir** dagar eru sumarfrisdagar þar sem leikskólinn er lokaður. Sumarfrisdagar eru alls 25 dagar líkt og verið hefur.
- **Græn merktir** dagar eru skipulagsdagar og þá daga er leikskólinn lokaður fyrir börn en starfsfólk mætir til vinnu. Eru þeir 6 talsins líkt og verið hefur.
- **Appelsínugul merktir** dagar eru valfrjálsir dagar sem þýðir að skrá þarf börnin sérstaklega þessa daga. Eru þeir 15 talsins.
- **Blá merktir** dagar eru öðruvísi dagar þar sem eitthvað sérstakt er á dagskrá. Öðruvísi dagar eru merktir til upplýsingar fyrir foreldra en eru ekki bindandi.
- Reitir sem eru merktir í sama lit og helgar eru frídagar samkvæmt íslensku frídagatali.

Merktir dagar aðrir en bláir dagar eru bindandi eftir að skólanefnd sveitarfélagsins hefur samþykkt skóladagatalið.

Leikskóladagar eru breytilegir milli skólaára, skapast það einkum vegna þess að það er misjafnt hvernig almennir frídagar lenda innan vikunar. Leikskóladagar skólaárið 2024 - 2025 eru samtals 216 talsins. Þar af eru 15 valfrjálsir dagar.

Skóladagatal er aðgengilegt á heimasíðu skólans og heimasíðu sveitarfélagsins.



Viðburðir og vettvangsferðir

Afmæli barnanna: Á afmælisdögum barnanna búa börnin til afmæliskórónu og börnin á deildinni syngja afmælissönginn fyrir afmælisbarnið og afmælisbarnið fær að vera söngstjóri í afmælissöngstund.

Dagur íslenskrar náttúru: Á degi íslenskrar náttúru vinnum við með ýmislegt tengt deginum og fræðum börnin um íslenska náttúru.

Bangsa- og náttfatadagur: Á alþjóðlega bangsadeginum mega börnin koma í náttfötum og taka með sér bangsa.

Lambaferðir: Á vorin er farið í lambaferðir þar sem börnin kíkja í sauðburð á nærliggjandi bæi.

Kynningardagur: Á haustin höldum við kynningardag fyrir foreldra þar sem foreldrum gefst tækifæri á að spjalla við kennara og starfsfólk og kynna sér starfið.

Bleikur dagur: Er dagur bleiku slaufunar og þá mæta gjarnan allir í einhverju bleiku.

Dagur íslenskrar tungu: Dagurinn er haldinn hátíðlegur og foreldrum er gjarnan boðið á hátíð í leikskólanum. Markmið dags íslenskrar tungu er að minna á mikilvægi íslenskrar tungu og gleðjast og fagna sögu hennar, samtíð og framtíð.

Desember: Í aðdraganda jóla er í leikskólanum lögð áhersla á notalegt og rólegt andrúmsloft. Í samverustundum á aðventunni eru lesnar jólasögur og sungin jólalög, bakaðar piparkökur og börnin búa til jólagjafir handa foreldrum sínum.

Jólaball: eru haldin hátíðleg með jólaballi þar sem foreldrum, systkinum og öðrum gestum er boðið á. Hefð er fyrir því að jólasveinar kíki á ballið. Jólaballið er samstarfsverkefni skólans og foreldrafélagsins.

Dótadagur: Börnin mega koma með dót að heiman. Miðað er við að leikföngin gefi ekki frá sér hávær hljóð. Stríðsleikföng eiga ekki heima í leikskólanum.

Dagur leikskólans: Tilgangur hans er að efla samvinnu og samstarf við nærsamfélagið. Hefð er fyrir því að setja upp listasýningu í samfélaginu í tilefni dagsins.

Öskudagur: Á öskudaginn mega börnin koma í furðufötum eða búningum og við höldum öskudagsball í salnum eftir hádegi. Öskudagsballið er samstarfsverkefni skólans og foreldrafélagsins.

Árshátíð: Foreldrum er boðið á leik- og söngsýningu barnanna og boðið er upp á kökur og kakó á eftir.

Sumarhátíð: Í júní er haldinn sumarhátíð í leikskólanum. Markmiðið með sumarhátíð er að hafa gaman saman. Á sumarhátíðinni er einnig útskrift elsta árgangsins. Foreldrafélagið sér um skipulagningu hátíðarinnar í samvinnu við leikskólann.



Samskipti og upplýsingamiðlun

Starfsfólk leikskólans á frumkvæði að samstarfi við foreldra og lögð er áhersla á að hlusta vel á foreldra. Samskipti við foreldra fara fram alla daga þegar skipst er á upplýsingum varðandi barnið. Einnig eru haldin formleg foreldrasamtöl þar sem foreldrar fá frekari upplýsingar um framgöngu barnsins í leikskólanum.

01

Samskiptaleiðir og miðlar

Allar mikilvægar upplýsingar frá leikskólanum berast foreldrum í gegnum **appið Kinderpedia** og notar leikskólinn appið sem vettvang til samskipta og upplýsingjafar.

Leikskólinn styðst ekki lengur við lokaðan Facebook hóp. Foreldrafélag leikskólans er aftur á móti með facebooksíðu þar sem foreldrar geta skipts á upplýsingum. En allar mikilvægar upplýsingar frá foreldrafélagi eru einnig áframsendar frá leikskólanum til foreldra í tölvupósti.

Alla jafna eru það deildarstjórar sem sjá um hestu samskipti við foreldra sem varða deildina eða barn viðkomandi foreldra. Leikskólastjóri upplýsir foreldra um ákvarðanir er varða leikskóann, almenn mál og helstu breytingar í skólastarfinu.

02

Foreldrasamtöl og haustkynning

Skipulögð foreldrasamtöl eru haldin a.m.k. einu sinni á ári. Tilgangur viðtalanna er að skiptast á upplýsingum um barnið og efla samstarf milli leikskóla og heimilis.

Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtölum eftir þörfum.

Á haustin er haldinn kynningafundur þar sem foreldrum gefst tækifæri á að kynna sér skólastarfið betur.



Tilkynningar, forföll og frí

Best er að tilkynna tilfallandi forföll inn á Kiderpedia, hafi foreldrar ekki tök á því að tilkynna með þeim hætti er einnig hægt að senda sms í deildarsíma eða með því að hringja í leikskólann.

Best er að tilkynna lengri forföll og frí beint til leikskólastjóra með því að senda tölvupósti á leikholt@leikholt.is. Ásamt því að nefna það við deildarstjóra.

Mjög gott er fyrir leikskólann ef unnt sé að tilkynna skólanum veikindi og forföll fyrir kl. 9:00 á morgnana. Þar sem veikindaforföll starfsfólks og barna hanga oft saman og getur það auðveldað leikskólanum til muna að skipuleggja slíka daga.

Hekla: 839 9960

Vörðufell: 839 9961

Hestfjall: 839 9962

Aðalsími: 486 5586

Leikskólastjóri: 695 2506



Umsóknir og breytingar

01

Umsóknir

Sótt er um fæði í umsókninni um leikskólapláss, á heimasíðu sveitarfélagsins. Hægt er að sækja um fullt fæði sem er morgunmatur, hádegismatur. Auk þess er boðið upp á morgunhressingu og síðdegiskaffi sem ekki er greitt fyrir. Gjaldskrá má einnig nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

02

Breytingar

Hægt er að sækja um breytingu á fæði og/eða vistunartíma beint til leikskólastjóra á netfangið leikholt@leikholt.is og miðast breytingar við næstu mánaðarmót. Hafi barn verið fjarverandi í fimm daga samfleytt er matargjald sjálfkrafa fellt niður fyrir þá daga. Verði misbrestur þar á, er foreldrum bent á að hafa samband við leikskólastjóra.



Veikindi barna

Þegar börn byrja í leikskóla komast þau í tæri við bakteríu- og veirufloðu sem þau þekktu ekki áður og algengt er að þau sýkist af þeim og sum eru oft veik fyrsta árið. Um tveggja ára aldurinn fara þau að mynda mótefni við þessum sýkingum sem ver þau svo í framtíðinni. Veik börn þurfa ró og næði og eiga rétt á því að dvelja heima þegar þau eru veik. Inn á [vef heilsuveru*](#) er stutt samantekt um algengustu smitsjúkdóma barna og viðmið um hvenær sé óhætt að börn þau fari aftur í skólann. Leikskólinn styðst við þessa samantekt eins og hún birtist á vefnum hverju sinni. Alla jafna er gert ráð fyrir að börnin geti tekið fullan þátt í skólastarfinu og er því ekki gert ráð fyrir að börn geti verið inni eftir veikindi, þar sem útivist er stór þáttur í skólastarfinu.

Upplýsingamiðlun

Í okkar litla samfélagi hefur skapast gott traust og samstarf milli foreldra og leikskólans meðal annars með því að foreldrar hafa gjarnan upplýst leikskólann um þau veikindi og sjúkdóma sem upp koma hjá börnunum og jafnvel þeim sem upp koma á heimilunum í þeim tilgangi að auðvelda leikskólanum að fylgjast með og bregðast rétt við ef upp koma einkenni hjá börnunum hér í leikskólanum. Hefur leikskólinn jafnframt lagt sig fram við að upplýsa foreldra um þá smitsjúkdóma sem eru að ganga á leikskólanum. Hversu ítarlega leikskólinn greinir frá er alltaf gert í samráði og með samþykki foreldra viðkomandi barns. Tilgangur þessa upplýsingaflæðis er einungis til þess að geta auðveldað öðrum foreldrum að fylgjast betur með ef upp koma einkenni hjá þeirra börnum, sérstaklega í ljósi þess að leikskólinn tekur við börnum við eins árs aldur, en ekki byrjað að bólusetja börn á þeim aldri við mörgum af þeim veirum og sjúkdómum sem smitast gjarnan á leikskólum. Eins hafa foreldrar verið mjög duglegir að upplýsa leikskólann um bólusetningar barna sinni og er það gert í sama tilgangi, til að vernda börnin sem best en foreldrar bera vissulega enga skyldu til þess að gera slíkt.

Ofnæmi og annað sem mikilvægt er að leikskólinn viti af til að tryggja öryggi og heilsu barna, ber foreldrum skylda að upplýsa leikskólann um slíkt.

Mötuneyti og fæði

Mötuneyti & matseðill

Matseðill mánaðarins er aðgengilegur inn á Kinderpedia. Inn á Kinderpedia er einnig hægt að sjá hversu vel barnið borðar.

Matartímar

Morgunmatur: kl. 8:00 – 8:30.
Morgunhressing: kl. 9:30 - 10:00
Hádegisverður: kl. 11:30 – 12:30.
Síðdegishressing: kl. 14:30–kl. 15:00.

Matarvenjur barnanna

Inn á Kinderpedia geta foreldrar fylgst með matarvenjum barnsins, þ.e.a.s. hvort barnið hafi borðað vel eða lítið þann daginn. Einnig er alltaf hægt að ræða matarvenjur barnsins við starfsfólk leikskólans dag hvern.

Morgunmatur

Morgunmatur:

Boðið er upp á hafragraut alla daga. Á Vörðufelli er boðið upp á morgunkorn (Ceerios og Kornflex) auk hafragrauts á þriðjudögum og fimmtudögum.

Með morgunmat er börnunum boðið lýsi alla daga, séu börnin að taka lýsi heima fyrir er gott að foreldrar láti leikskólann vita. Vilji börnin alla jafna ekki fá lýsi í leikskólanum tilkynnir leikskólinn foreldrum það. Leikskólinn skyldar ekki börnin til þess að taka lýsið.

Hádegisverður

Hádegisverðurinn kemur úr mötuneytinu í Árnesi og eru því börnin alla jafna að fá sama mat og nemendur í Þjórsárskóla. Alla jafna er fiskur einu sinni í viku, kjöt tvisvar í viku og annað einn dag í viku.

Síðdegiskaffi

Í síðdegiskaffi er í boði gróft brauð, hrökkbrauð og tekex með ýmsu áleggi. Með síðdegiskaffinu er alltaf boðið upp á mjólk og vatn.

Reglur og tilmæli

Að koma og fara

Mikilvægt er að þegar barn kemur í leikskólann að því sé alltaf skilað í hendur starfsmanns og einnig að starfsmaður sé látinn vita þegar barn er sótt. Ef aðrir en foreldrar sækja barn þarf að láta leikskólann vita. Ef barn er í þössun og foreldrar eru í burtu er mikilvægt að láta leikskólann vita nafn og símanúmer umsjónaraðila.

Leikföng

Almenna reglan er sú að leikföng skulu geymd heima. Yngstu börnin mega hafa með sér bangsa til að hafa í hvíldinni. Öðru hverju eru leikfangadagar og þá mega börnin koma með leikfang að heiman.

Afmæli

Ekki er gert ráð fyrir því að leikskólinn sé vettvangur til þess að bjóða í afmæli eða á aðra viðburði.

Fatnaður og aðbúnaður

Mikilvægt er að klæðnaður barna sé þægilegur og styðji börnin til sjálfshjálpar.

Börnin taka alla daga þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum í leikskólanum. Börnin fara í útiveru á hverjum degi.

Fatahólfín í anddyrinu rúma ekki vel leikskólatöskur eða poka. Því er gert ráð fyrir að foreldrar taki upp úr töskum og pokum í byrjun hverrar viku og taka aftur heim.

Í lok vikunnar er nauðsynlegt að tæma fatahólfín. Þegar blaut eða óhrein föt eru send heim er góð regla að koma með sambærileg föt í leikskólann daginn eftir.

Allir foreldrar eru beðnir um að koma með margnota poka sem notaður er þegar senda þarf eitthvað heim. Mikilvægt er að allar eigur barnanna séu merktar.

Dæmi um fatnað og annað sem gott er að hafa meðferðis í leikskólann:

Aukaföt

- ☐ 2 samfellur/nærföt.
- ☐ 2 sokkabuxur/sokkar.
- ☐ 2 þunnar peysur.
- ☐ 2 buxur.
- ☐ Fjölnota poka

Útiföt

- ☐ Stígvél
- ☐ Skór/ kuldaskór
- ☐ Regngalli
- ☐ Kuldagalli
- ☐ Flísbuxur/hlýjar buxur
- ☐ Hlý peysa
- ☐ Húfa og buff
- ☐ Vettlingar*
- ☐ Ullarsokkar

Annað


- ☐ Bleyjur
- ☐ Sólarvörn
- ☐ Kuldakrem (ef þarf)

*Mælum við sérstaklega með **ullar**vettlingum og helst ekki fingravettlingum nema þá fyrir elstu börnin þegar veður hlýnar.

2 Mannauður, stjórnun og skipulag



Skipurit



Skólaárið 2024 – 2025 starfa um 16 manns í um 14 stöðugildum.

Nánar um stöðugildi og mönnun

Við leikskólann starfar leikskólastjóri í 100% starfshlutfalli, deildarstjóri stoðþjónustu í 65% starfshlutfalli, starfsmaður í mótuneyti í 55% stöðugildi. Alls stöðugildi starfsfólks sem vinnur inn á deildum (starfar við uppeldi og menntun barna) eru alls 11 stöðugildi.

Alls eru sex sérmenntaðir leikskólakennarar auk leikskólastjóra sem er kennari með sérhæfingu í stjórnun. Auk þess starfa við leikskólann fimm starfsmenn með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Við leikskólann starfar reynslumikið starfsfólk með áratuga reynslu af kennslu og áratuga reynslu af kennslu við leikskólann.

Einn nýr starfsmaður kemur inn á þessu skólaári. Allt annað starfsfólk var við störf við leikskólann á síðasta skólaári.

Kynjahlutfallið þetta skólaárið er 87,5% konur og 12% karlar og enginn af öðrum kynjum. Einn karlmaður starfar inn á deildum og einn í eldhúsi.

Stjórnun

Leikskólastjóri

Leikskólastjóri veitir skólanum forstöðu og stýrir daglegu starfi skólans.

Leikskólastjóri er: Anna Greta Ólafsdóttir.

Staðgengill leikskólastjóra

Í upphafi hvers skólaárs er ákveðið hver úr hópi kennara verður staðgengill leikskólastjóra út skólaárið. Staðgengill starfar aðeins í fjarveru og forföllum leikskólastjóra.

Staðgengill leikskólastjóra er: Sigríður Björk Gylfadóttir deildarstjóri á Hestfjalli

Tengiliður farsældar

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið eftir því sem þörf krefur. Tengiliður ráðleggur og aðstoðar við að rata í gegnum mismunandi þjónustukerfi (velferðarmál, heilbrigðisþjónustu, skólaþjónustu oph. og aðstoðar foreldra að sækja þjónustu við hæfi.

Tengiliður farsældar er: Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu.

Deildarstjórar

Í leikskólanum eru þrjár barnadeildir og ein stoðdeild. Við leikskólann starfa fimm deildarstjórar ýmist einir eða í teyllum. Deildarstjórar eru yfirmenn hvernar deildar, á hverri adeild starfa tveir til fjórir aðrir kennarar og starfsfólk.

Deildarstjóri á Hestfjalli er Sigríður Björk Gylfadóttir

Deildarstjórar á Heklu eru Helga Guðlaugsdóttir og Oddný Stefanía Steinþórsdóttir.

Deildarstjóri á Vörðufelli er Haukur Vatnar Viðarsson.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir.

Mannauður Leikholt

Aleksandra Mróz, aleksandra@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: háskólamenntaður leiðbeinandi

Deild: Vörðufell.

Menntun: MA í landafræði.

Anna Greta Ólafsdóttir, leikholt@leikholt.is

Starfssvið: Stjórnun leikskólans.

Starfsheiti: Leikskólastjóri.

Deild: Leikskólinn.

Menntun: Kennari, BSc. Íþróttfræði, MA í menningarstjórnun,

Anna María Gunnþórsdóttir - í fæðingarorlofi til mars 2025, annamaria@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Leikskólaliði

Deild: Hestfjall

Menntun: leikskólaliði.

Ása Sif Tryggvadóttir, asa@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Leiðbeinandi

Deild: Vörðufell og flakkar á milli deilda

Eypór Brynjólfsson,

Starfssvið: Framreiðsla mats, undirbúningur og frágangur í eldhúsi.

Starfsheiti: aðstoðarmatráður.

Halla Rún Erlingsdóttir - fæðingarorlof október 2024 út skólaárið, hallarun@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Leiðbeinandi

Deild: Vörðufell.

Menntun: leikskólaliðanemi.

Elín Ásta Ásmundsdóttir - til áramóta, elinasta@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Leiðbeinandi

Deild: Hestfjall.

Menntun: leikskólaliðanemi.

Haukur Vatnar Viðarsson, haukur@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.

Starfsheiti: Deildarstjóri

Deild: Vörðufell.

Menntun: Leikskólakennari.

Helga Guðlaugsdóttir, helga@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.

Starfsheiti: Deildarstjóri.

Deild: Hekla

Menntun: Leikskólakennari

Matthildur, Elísa Vilhjálmsdóttir, matta@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.

Starfsheiti: Deildarstjóri.

Deild: Stoðdeild

Menntun: Leikskólakennari

Paulina Koltan - leyfi og fæðingarorlof skólaárið 2024 - 2025, paulina@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Háskólamenntaður starfsmaður

Deild: Vörðufell

Menntun: Dula, MA í ferðapjónustu, MA í lýðheilsuvísindum

Sigríður Björk Gylfadóttir, sigridur@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar og staðgengill leikskólastjóra.

Starfsheiti: Deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra

Deild: Hestfjall

Menntun: Leikskólakennari

Lísbet Nílsdóttir, lisbet@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna.

Starfsheiti: Leikskólakennari

Deild: Vörðufell

Menntun: Leikskólakennari.

Oddný Stefanía Steinspórsdóttir, oddný@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna. Stjórnun og skipulag deildar.

Starfsheiti: Deildarstjóri.

Deild: Hekla

Menntun: Leikskólakennari.

Sára A. Herczeg, sara@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Háskólamenntaður leiðbeinandi

Deild: Hestfjall

Menntun: BA í ungversku.

Urszula Pigiel, ulla@leikholt.is

Starfssvið: Uppeldi og menntun leikskólabarna undir handleiðslu deildarstjóra.

Starfsheiti: Háskólamenntaður leiðbeinandi

Deild: Hestfjall

Menntun: BA í heimspeki, er í mastersnámi í kennarafræðum.

3 Aðilar, teymi, ráð og nefndir



Viðbragðsteymi skólans

Hlutverk viðbragðsteymisins er að bregðast við og samræma aðgerðir sem gripið er til ef stór áföll verða í skólastarfi eða einkalífi barna eða starfsmanna, s.s. langvinnir sjúkdómar, veikindi, slys eða dauðsföll. Viðbragðsteymi fer með verkstjórn og styður kennara í aðhlyningu þeirra við börn og samstarfsfólk. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman viðbragðsteymið og stýra vinnu þess og skipulagi.

Teyminu er einnig ætlað að verkstýra við válega atburði. Huga að óskum þeirra fjölskyldna sem hlut eiga að máli hverju sinni. Sinna forvinnu og forvörnum með kynningum fyrir allt starfsfólk, börn og foreldra. Fá hjálp og stuðning fyrir starfsfólk skólans. Funda eins fljótt og mögulegt er ef válegur atburður hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.

Viðbragðsteymi skólans:

Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri

Helga Guðlaugsdóttir, deildarstjóri á Heklu

Sigríður Björk Gylfadóttir, deildarstjóri á Hestfjalli og staðgengill leikskólastjóra

Haukur Vatnar Viðarsson, deildarstjóri á Vörðufelli og öryggistrúnaðarmaður

Tengiliður farsældar

Samkvæmt nýjum lögum um farsæld barna skal vera til staðar tengiliður farsældar, fyrir börn í leikskóla. Tengiliður er foreldrum innan handar og aðstoða við að sækja viðeigandi þjónustu við hæfi. Þannig geta foreldrar og börn leitað til eins aðila sem hefur yfirsýn yfir allt þjónustukerfið.

Tengiliður farsældar er:

Matthildur Elísa Vilhjálmisdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu skólans

Til vara: Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri

Trúnaðarmenn

Við skólann eru tveir trúnaðarmenn í þremur trúnaðarmannastöðum.

Öryggistrúnaðarmaður og trúnaðarmaður KI

Haukur Vatnar Viðarsson, deildarstjóri Vörðufelli

Kosinn öryggistrúnaðarmaður á starfsmannafundi 20.08.2024

Trúnaðarmaður starfsmanna í stéttarfélaginu FOSS

Halla Rún Erlingsdóttir, leiðbeinandi á Vörðufelli

Foreldraráð og stjórn foreldrafélags

Foreldrafélag leikskólans heitir Leiksteinn og samanstendur af formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Foreldrafélagið heldur aðalfund að hausti. Foreldrafélagið og leikskólinn standa saman að fyrirlestrum og kynningarefni sem nýtist foreldrum, börnum og starfsfólki. Stjórn foreldrafélagsins gegnir líka hlutverki foreldraráðs og fær það til umsagnar m.a. skóladagatal skólans og starfsáætlun. Stjórn foreldrafélagsins skiptir með sér hlutverki áheyrnarfulltrúa á skólanefndarfundum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um félagið inn á heimasíðu sveitarfélagsins sveitarfelag.is.

Kosið verður á aðalfundi í haust í þær stöður sem síðast var kosið í árið 2022

Stjórn Leiksteins (óuppfært, fyrir aðalfund 2024)

Matthildur María Guðmundsdóttir, formaður (kosin 2022 til tveggja ára)

Kristín Eva Einarsdóttir, ritari (kosin 2023 til tveggja ára)

Hróðný Jónsdóttir, gjaldkeri (kosin 2023 til tveggja ára)

Gestur Einarsson, varamaður (kosinn 2022 til tveggja ára)

Melissa Boehme, varamaður (kosin 2023 til tveggja ára)

Skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Skólanefndir sveitarfélaga hafa afar þýðingarmiklu, lögbundnu hlutverki að gegna vegna reksturs leik- og grunnskóla í hverju sveitarfélagi. Hlutverkin lúta bæði að faglegum og rekstrarlegum hliðum skólahalds, eftirlitsskyldu en um leið ákveðinni frumkvæðisskyldu. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Áheyrnafulltrúar leikskólastarfs í skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru:

Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri.

Helga Guðlaugsdóttir fyrir hönd kennara, kosinn á starfsmannafundi 6. ágúst 2024

Halla Rún Erlingsdóttir fyrir hönd starfsfólks, kosinn á starfsmannafundi 6. ágúst 2024

Stjórn foreldrafélagsins skiptir því á milli sín að mæta á skólanefndarfundum.

Gæðateymi skólans

Gæðateymi skólans gegnir lykilhlutverki í innra mats starfinu.

Teymið sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við leikskólastjóra. Innra matið þarf að vera samofið daglegu starfi. Aðilar gæðateymis hafa fyrst og fremst það hlutverk að nota innsýn og þekkingu sína á skólanum og skólastarfi í öllu ferlinu. Teymið skiptir með sér verkum og kys sér teymisstjóra sem leiðir starf þess.

Aðilar í gæðateymi skólans:

Sigríður Björk, leikskólakennari
Oddný Stefanía, deildarstjóri
Halla Rún, starfsmaður á Vörðufelli
Matthildur, deildarstjóri stoðþjónustu
Helga Guðlaugsdóttir, deildarstjóri Heklu
Vantar tilnefningu eins foreldris

Skólaþróunarteymi

Þetta skólaárið eru þrjú formleg þróunarverkefni í gangi og eru í kringum hvert og eitt þeirra teymi sem halda utan um verkefnin. Skólaþróunarteymin eru: Sjálfbærnisteymi, Gönguskíðateymi og Námsteymið Sjá, snerta og skynja.

Aðilar í skólaþróunarteymum eru:

Sjálfbærnisteymi, Sára Herczeg, Aleksandra
Gönguskíðateymi, Sigríður Björk og Halla Rún
Námsteymið Sjá, snerta og skynja, Helga og Oddný

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við börn varðandi skólaheilsugæslu og sérfræðiþjónustu og vera leikskólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við börn. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Aðilar í nemendaverndarráði

Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri
Matthildur Elísa Vilhjálmisdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
Bjarney Vignisdóttir, hjúkrunarfræðingur við HSU
Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu Árnesþings

4 Samstarf



Þjósárskóli

Mikið og gott samstarf er á milli leikhólts og Þjósárskóla og skipar það samstarf stóran þátt í góðri og öruggri færslu barna úr leikskóla í grunnskóla. Elsti árgangur leikskólans heimsækja Þjósárskóla átta til níu sinnum á bæði haustönn og vorönn. Einnig koma nemendur í 1. bekk Þjósárskóla í heimsókn í Leikholt einu sinni á hvorri önn. Kennarar elstu barna Leikhólts og yngstu barna Þjósárskóla funda reglulega yfir veturinn, skipuleggja starfið og meta framvindu þess. Skólabíll er notaður til þess að koma börnunum til og frá Þjósárskóla.

Umsjón með skólaheimsóknum hefur Haukur Vatnar Viðarsson deildarstjóri á Vörðufelli.

Börnunum á Vörðufelli er alltaf boðið á Generalprufu árshátíðar í Þjósárskóla og yngsta stigi í Þjósárskóla sömuleiðis boðið á árshátíð leikskólans.

Skólaheimsóknir

Skólaheimsóknir barna í elsta árgangi leikskólans hefjast í september og standa yfir allt skólaárið.

Heimsóknirnar fara fram á fimmtudögum. Heimsóknir yfir frá kl. 8:30 fram að hádegi. Eftir áramót lengjast heimsóknirnar og börnin borða hádegisverð í Árnesi. Í síðustu skólaheimsókn skólaársins taka börnin fullan þátt í skóladeginum í Þjósárskóla og fara í skólabíl beint í skólann og koma svo í leikskólann að skóla loknum.

Börnin þurfa ekki að taka með sér neitt, en allir sem vilja mega taka með sér skólatösku, pennaveski, liti og þess háttar.

Aðrir samstarfsaðilar

Tónlistaskóli Árneshöfna

Börn á leikskólanum sem stunda nám í tónlistaskólanum geta gert það á skólatíma og hefur tónlistaskólinn aðsetur í húsnæði gamla bókasafnsins í Brautarholti.

Aðrir leikskólar

Samstarf við aðra leikskóla er í ýmsu formi. Reynt er að hafa sameiginlegan starfsdag með öðrum leikskólum og auk þess með heimsóknum starfsfólks leikskólans í aðra leikskóla. Einnig er virkt samstarf milli leikskólastjórnaenda með formlegum fundum sem haldnir eru reglulega yfir skólaárið.

Trúfélög

Samstarf er við trúfélög á svæðinu. Þó aðallega við kirkjuna Óskar prestur kemur í heimsókn í kringum hátíðir og les og syngur með börnunum. Heimsóknir trúfélaga fela ekki í sér trúboð.

Heilsugæsla

Samstarf við heilsugæsluna fer fyrst og fremst fram í gegnum nemendaverndarráð sem stofnað var skólaárið 2022-2023. Hjúkrunafræðingur frá HSU situr í ráðinu.

Brunavarnir Árneshöfna

Brunavarnir Árneshöfna sjá um fræðslu um brunavarnir fyrir börn í elsta árgangi leikskólans. Verkefnið heitir Logi og Glóð og felur í sér allavega eina heimsókn og fræðslustund í leikskólanum þar sem slökkviliðsmenn fræða börnin um brunavarnir og Loga og Glóð.

Nærsamfélagið

Ýmsir aðilar í nærsamfélaginu taka þátt í skólastarfinu og má þar helst nefna heimsóknir barnanna á sveitabæi í tengslum við sauðburð og þess háttar. Unnin verður áætlun um hvernig megi efla samstarf við nærsamfélagið og áætlun birt í starfsáætlun næsta skólaárs. Skógræktarfélag á svæðinu gefa leikskólanum reglulega eldivið og hafa gefið plöntur. Einnig hafa ýmis félög á svæðinu styrkt leikskólastarfið í gegnum tíðina. Hefð er fyrir því að félagi eldri borgara er boðið á generalprufu árshátíðar leikskólans.

Starfsáætlun 2024 - 2025

Leikskólinn Leikholt



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
